# Förðun 2023-2024

## Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Í valfaginu verður nemendum kennd helstu undirstöðu atriði er kemur að förðun, snyrtifræði og hreinlæti. Nemendur þurfa ekki að hafa neina þekkingu í greininni heldur áhuga á förðun, snyrtifræði og tísku. Áhersluatriði verða farði, skygging, highlighter, augnförðun, varir o.fl. Einnig verður farið í undirstöðuatriði er varðar hreinlæti á húð, förðunarvörur og fleira. Nemendur safna saman hugmyndum og myndum sem veita þeim innblástur í vinnubók. Nemendur koma með förðunarvörurnar sínar í skólann og fá ráðleggingar um notkun þeirra.

## Námsáætlun

**Tími/ Viðfangsefni**

1. kennslustund: Kynning á faginu, reynsla og áhugi nemenda kannaður

2. kennslustund: **Varir** - nemendur farða varir sýnar

3. kennslustund: Rætt um sjálfsmyndina og nemendur stofna inspó bók/rafbók í Book Creator

4.kennslustund: Húðumhirða rædd og nemendur halda áfram vinnu í inspó bók

5.kennslustund: **Húðin** - nemendur farða sig þar sem húðin er í aðalhlutverki

6.kennslustund: Nemendur vinna í inspó bók

7.kennslustund: **Augnförðun** - nemendur farða sig. Augnförðun er í lykilhlutverki.

8.kennslustund: **Augabrúnir** - nemendur æfa sig í augabrúna förðun/mótun og vinna í inspó bók

9.kennslustund: Nemendur farða sig eftir mynd ( nemendur velja hér mynd af förðun sem þeim þykir falleg og reyna að endurtaka hana á sig sjálfum.

10.kennslustund: Vettvangs heimsókn

11. kennslustund: TikTok trend - nemendur farða sig/aðra og nýta sér nýja aðferð sem hefur verið vinsæl undanfarið.

12.kennslustund: Inspó bók

13.kennslustund: **Lokaverkefni:** Nemendur byrja undirbúning fyrir lokaverkefni. Hér gera nemendur svokallað "Moodboard" og safna saman myndum sem veita þeim innblástur fyrir lokaverkefni.

14. kennslustund: Nemendur æfa sig í að farða fyrir lokaverkefni.

15.kennslustund: Lokaverkefni, nemendur farða sig eða aðra.

16.kennslustund: Lögð lokahönd á inspó bókina og henni skilað inn.

Birt með fyrirvara um breytingar/ tilfærslur milli kennslustunda

## Námsmat

Nemendur eru almennt metnir út frá áhuga, mætingu og vinnusemi.

Nemendur halda úti vinnumöppu ( inspó bók) sem er metin sem og sjálfstæð vinnubrögð, áhugi og mæting.

Nemendur vinna að lokaverkefni sem er metið út frá vinnusemi, sjálfstæðum vinnubrögðum og áhuga.

## Hlutverk og vinnulag nemandans

| Hlutverk og vinnulag nemenda | |
|---|---|
| Samskipti | • Að fara eftir fyrirmælum og virða reglur skólans |

| | |
|---|---|
| | • Að koma fram við aðra af virðingu og ábyrgð<br>• Tekur tillit til skoðana annarra |
| Mæting | • Að mæta á réttum tíma með öll gögn. |
| Virkni í tímum | • Að sýna frumkvæði og beita gagnrýninni hugsun<br>• Að taka þátt í umræðum og verkefnavinnu |
| Skyldur nemenda | • Að virða skilafrest verkefna<br>• Að fara eftir fyrirmælum og virða reglur skólans |
| Skyldur kennara | • Að mæta á réttum tíma og undirbúinn fyrir tíma<br>• Að aðstoða nemendur eftir þörfum<br>• Að koma fram við nemendur af virðingu og ábyrgð |